



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2022

2202033SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. um br. á sveitarstjórnarlögum (íbúakosningar), 571. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 18. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp fyrir 1. júní. Með tölvupósti dags. 23. maí var tilkynnt að umsagnarfrestur hefði verið lengdur til 8. júní.

Afstaða til frumvarpsins

Sambandið veitti ítarlega [umsögn](#) um frumvarpið í samráðsgátt, dags. 14. mars sl. Þar segir m.a.:

Fengin reynsla hefur leitt það í ljós að þær reglur sem nú gilda um íbúakosningar mættu vera skýrari. Á þetta var m.a. bent í umsögn sambandsins til Alþingis um frumvarp til kosningalaga, sem varð að lögum á síðasta ári. Jafnframt hefur komið fram að þær kröfur sem gerðar eru til íbúakosninga á grundvelli núgildandi sveitarstjórnarlaga kunna að vera óþarflega miklar sem leitt hefur til þess að sveitarfélög nýta sér ekki þau úrræði sem sveitarstjórnarlögin bjóða til þess að kanna vilja íbúa, heldur halda þess í stað sérstakar kannanir.

Varðandi samspil kosningalaga og sveitarstjórnarlaga segir í umsögninni:

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum sveitarstjórnarlaga sem fjalla um íbúakosningar sveitarfélaga. Þær reglur sem nú gilda um slíkar íbúakosningar má annars vegar finna í sveitarstjórnarlögum og hins vegar er vísað til þess að um kosningarnar skuli gilda meginreglur kosningalaga eftir því sem við á. Þessi almenna vísun til kosningalaga hefur í einhverjum tilvikum valdið túlkunarvanda við framkvæmd íbúakosninga.

Eins og rakið er í skýringum við frv. er markmið þess að einfalda og skýra þær reglur sem gilda um íbúakosningar sveitarfélaga. Sú leið sem er lögð til í 5. gr. a frumvarpsins er að lögfest verði almennt ákvæði sem gildi um allar tegundir íbúakosninga á vegum sveitarfélaga, sem verði 133. gr. laganna.

Meginreglan verður sú að slíkar kosningar fari fram á grundvelli reglna sem sveitarfélögin setja sér sjálf. Til að tryggja að gætt sé að grundvallaratriðum lýðræðislegra kosninga og að framkvæmd íbúakosninga og niðurstöður þeirra njóti trausts meðal íbúa sveitarfélaganna er lagt til að ráðuneytið setji reglugerð þar sem mælt er fyrir um þau atriði sem fram þurfa að koma í reglum sveitarfélaga um íbúakosningar og að ráðuneytið staðfesti með nægilegum fyrirvara kosningareglur sveitarfélags.

Sambandið er sammála þessari nálgun í frv.

Í niðurlagi umsagnar sambandsins kemur fram að Samband Íslenskra sveitarfélaga telur frumvarpið fela í sér nauðsynlegar breytingar á sveitarstjórnarlögum. Mikilvægt sé að frumvarpið verði að lögum á vörðingi til að eyða óvissu um framkvæmd íbúakosninga.

Í samráðsgátt bárust umsagnir frá Sveitarfélaginu Hornafirði, Dalabyggð og Reykjavíkurborg. Í öllum umsögnum var tekið jákvætt í efni frumvarpsins og kom þar fram áhersla á að lögfesta þurfi varanlega heimildir sveitarfélaga til rafræna íbúakosninga. Í 5. kafla skýringa með frumvarpinu er lýst viðbrögðum við ábendingum í umsögnum og hafa verið gerðar breytingar á frumvarpsdrögnum til að mæta ábendingum frá Dalabyggð og Reykjavíkurborg. Veigamesta breytingin kemur fram í 1. mgr. 3. gr. þar sem bætt er inn orðalagi um að sveitarstjórn geti ákveðið að almenn atkvæðagreiðsla fari fram meða íbúa sveitarfélagsins eða hluta íbúa, um einstök málefni.

Samantekt

Með vísan til þess að ábendingum sveitarfélaga hefur verið mætt á ásættanlegan hátt telur sambandið mikilvægt að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs